



431. Stjórnarfundur haldinn 15. maí 2014 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Ingibergsson (BI) og Sveinn Adolfsson (SA).

Fjarverandi: Þórður Magni Kjartansson (PMK), Birgir Már Bragason (BMB) og Guðjón Axelsson (GA).

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Tölvupóstur frá Sævari Sævarssyni varaformanni körfuknattleiksdeildar Keflavíkur v/ skammtímaláns til handa körfuknattleiksdeild. *Erindið samþykkt í tölvupóstsamskipum milli stjórnarmann. Framkvæmdastjóra falið málið.*

Tölvupóstur frá ritara ÍRB Guðbergi Reynissyni v/ boðunar á ársþing ÍRB 19. Maí ásamt kjörbréfi. *Móttekið.*

Tölvupóstur frá körfuknattleiksdeild með kvittun um endurgreiðslu á skammtímaláni til deildarinn og þakklæti til aðalstjórnar vegna fyrirgreiðslunnar. *Aðalstjórn þakkar góð skil.*

Tölvupóstur frá Sabínu landsfulltrúa UMFÍ v/“MOVE WEEK,.. *Ákveðið að skoða með jákvæðum hug hvað varðar þátttöku.*

Bréf frá UMFÍ v/ fundarboðs á Vorfund 10. maí í Grindavík. *Móttekið.*

Tölvupóstur frá formanni körfuknattleiksdeildar v/ styrktarþjálfara.(frá fyrri fundi). Umræða um erindi sem styrktarþjálfun fyrir okkar iðkendur. *Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu í samræmi við umræður sem urðu um málið.*

Tölvupóstur frá formanni ÍRB v/ draga um reglugerð um viðurkenningu íþróttafólks ÍRB. Tekin fyrir á ársþingi ÍRB. *Móttekið.*

3. Send bréf.

Bréf sent í tölvupósti á stjórnir deilda og samstarfsaðila okkar vegna Umhverfis dags Keflavíkur.

4. Vorfundur. UMFÍ

Vorfundur UMFÍ var haldinn 10 maí í Grindavík. *EH mætti fyrir hönd félagsins.*

5. Umhverfis dagur.

Umhverfis dagur félagsins var 29. apríl og heppnaðist vel. Yfir sextíu manns tóku þátt.

Samstarfsaðilar voru Reykjanesbær, Samkaup, Víkurfréttir og Ölgerðin. *Aðalstjórn þakkar þessum aðilum fyrir þeirra stuðning við umhverfis daginn.*

6. Ársþing ÍRB.

Ársþing ÍRB verður haldið 19. Maí kl. 20:00 í íþróttakademíunni. Keflavík á tíu þingfulltrúa. Framkvæmdastjóra falið að fylla út kjörbréf.





Frh. 431. Stjórnarfundur haldinn 15. maí 2014 kl:18:00

7. Önnur mál.

Reglugerð um fjáraflanir. Frestað farm á haustið.

Framkvæmdastjóri félagsins fer í sumarfrí í júní en sinnir launagreiðslum og sér um að reikningar séu greiddir.

EH sagði frá því að hann væri að smíða inni í Norakerfinu forskráningarmöguleika fyrir Unglingalandsmót. Þarf að fara að boða til fundar í unglíngalandsmótsnefnd.

EH lagði fram birgðalista yfir K-hettupeysur. Framkvæmdastjóra falið að kaupa *inn í þær* stærðir sem vantar í.

EH sagði frá væntanlegum fundi með fulltrúum Reykjanesbæjar v/Hringbrautarsvæðis miðvikudaginn 21 maí kl. 10:00 í félagsheimili okkar og hafa þeir óskað eftir að fá kynningu á framtíðarsýn félagsins. Aðalstjórnarmenn velkomnir að sitja fundinn.

EH sagði frá því að hann hefði farið á fund með knattspyrnudeild og fulltrúum Reykjanesbæjar v/ búningaraðstöðu við æfingasvæðið fyrir aftan Reykjaneshöllina. Málið komið langt á veg.

EH veitti verðlaun á sundmóti ÍRB.

Boð frá sundráði ÍRB um að verða viðstaddur lokahóf sundráðs ÍRB. BS var fulltrúi okkar.

Ákveðið að taka sumarfrí í fundum.

Næsti fundur boðaður af framkvæmdastjóra.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:00

Fundinn ritaði BS

